

Réttindagátt

Við hjá Sjúkratryggingum Íslands (SÍ) viljum benda þér á að allar upplýsingar er varða réttindastöðu þína er hægt að nálgast í **Réttindagátt SÍ** – sem finna má á heimasíðu SÍ www.sjukra.is.

SÍ vinnur nú markvisst að því að bæta við rafræna þjónustu eftir þörfum viðskiptavina sinna. Í Réttindagátt verða t.d. öll bréf frá SÍ og hægt verður að fylgjast með réttindum vegna greiðsluþátttöku SÍ í sérfræði-

þjónustu, tannlækningum og lyfjum. Einnig er nú hægt að sækja um Evrópska sjúkratryggingakortið í Réttindagátt SÍ.

Þetta er liður í aukinni vistvænni starfsemi sem leiðir til minni pappírs og færri póstsendinga en að sjálfsögðu sendum við bréf áfram til þeirra sem ekki eiga möguleika á að nýta sér rafræn samskipti.

1 Skráðu þig í Réttindagátt (mínar síður)

Farið inn á www.sjukra.is og smellið á **Réttindagátt - Einstaklingsþjónusta**



2 Þá birtist valmynd þar sem velja þarf hvaða auðkenni þú vilt nota til að skrá þig inn í gáttina. **Ef þú hefur ekki virkjað Íslykil smelltu á „Panta íslykil hér“.** Skráðu kennitölu þína og Íslykillinn verður sendur í heimabankann þinn. Í heimabankanum er hægt að nálgast Íslykillinn undir "Yfirlit -> Rafræn skjöl" eða "Yfirlit -> Netyfirlit". Ef síðar er farið beint inn á www.island.is, þá þarf að smella á flipann „Íslandstorg“ og velja Sjúkratryggingar.

Leiðbeiningar vegna umsóknar um Evrópska sjúkratryggingakortið

Til að sækja um Evrópska sjúkratryggingakortið er smellt á umsóknir, vinstra megin (sbr. mynd). Síðan smellt á Evrópska sjúkratryggingakortið. Sjá frekari leiðbeiningar á umsóknarsvæði.



Ef evrópska sjúkratryggingakortið (ES kortið) berst ekki fyrir upphaf ferðar eða glatast, er hægt að sækja um evrópskt bráðabirgðakort. Gildir alveg eins og ES kortið.

Eftir að sótt hefur verið um ES kortið er hægt að sækja um bráðabirgðakort undir umsóknar flipa á sama hátt. Þegar umsókn um Bráðabirgðakort hefur verið afgreidd verður PDF skjalið aðgengilegt og tilbúið til prentunar í Réttindagátt SÍ undir Skjöl – Bréf.

Evrópska sjúkratryggingakortið

Evrópska sjúkratryggingakortið (ES kortið) er notað ef korthafi veikist eða slasast í öðru EES-ríki. Það staðfestir rétt til heilbrigðisþjónustu sem nauðsynleg er meðan á tímabundinni dvöl stendur í EES landi.

Þegar korti er framvísað greiða einstaklingar fyrir þá þjónustu sem þeir þurfa á að halda, eins og sjúkratryggðir einstaklingar í því landi sem þeir eru staddir.

Ríkisborgarar Íslands og annarra EES-ríkja sem eru búsettir og sjúkratryggðir hér á landi eiga rétt á að fá evrópskt sjúkratryggingakort.

Evrópska sjúkratryggingakortið gildir í öllum ríkjum EES og Sviss.

Evrópska sjúkratryggingakortið gildir almennt í þrjú ár en fimm ár hjá lífeyrisþegum.

Endurnýja þarf kortið að þeim tíma liðnum.

Um kortið og notkun þess gilda EES-reglugerðir um almannatryggingar og reglur sem settar hafa verið á grundvelli þeirra.

Sótt er um kortið á **Réttindagátt einstaklinga** (sjá leiðbeiningar á bakhlið).

Evrópska sjúkratryggingakortið gildir eingöngu hjá þjónustuveitendum sem hafa samninga við hið opinbera í viðkomandi landi en ekki þar sem þjónusta er einkarekin.

Nú er hægt að hala niður snjallsímaforrit í símann sinn sem er þeim eiginleikum gætt að hægt er að skoða hver réttindi handhafa evrópska sjúkratryggingakortsins eru, meðal annars á íslensku. Hægt er að sækja forritið á heimasíðu Sí www.sjukra.is



CERTIFICATE PROVISIONALLY REPLACING THE EUROPEAN HEALTH INSURANCE CARD	
<small>as issued in Annex 2 to Directive n° 71/305/EEC concerning the mutual cooperation of the European Social Security Staff</small>	
Personal data	
1. Issuing Member State	2. Issuing Member State
Card holder related information	
3. Name	
4. Given name	
5. Date of birth	
6. Personal identification number	
Certificate validity related information	
7. Identification number of the institution: 490408-0150	
Card related information	
8. Identification number of the card	
9. Expiry date	
Certificate validity period	
a) From	b) To
Certificate delivery date	
c) Date	
Signature and stamp of the institution	
d) Signature and stamp	
State and extension	
<small>All items applicable to the certificate are included in the European card and subject to the description, nature, length and content of the data field, as applicable in the certificate</small>	

Ef evrópska sjúkratryggingakortið (ES kortið) berst ekki fyrir upphaf ferðar eða glatast er hægt að sækja um evrópskt bráðabirgðakort. Ekki er nauðsynlegt að sækja um bráðabirgðakort nema upp komi neyðartilfelli á ferðalagi.

Bráðabirgðakortið nær til sömu landa og ES kortið og er hámarks-gildistími 90 dagar.